

4. bekkur – áætlun í náttúrufræði

Miðönn 2022-23

Kennari: Siggerður Ólöf Sigurðardóttir

Markmið: Að nemendur læri mikilvæg atriði um náttúruna og hringrás vatnsins einnig um samspil manns og náttúru.

Kennslubækur: Halló heimur 2 og vinnubók. Ásamt ýmsum fræðiritum.

Unnið verður með: Manninn í fortíð og nútíð. Vatn, loft og hringrás vatns. Fugla og vilt spendýr og öryggismál.

Vika	Viðfangsefni	Fastar dagsetningar
14. – 18. nóv	Heilbrigði - líkaminn	17. nóv. foreldradagur
21. – 25. nóv	Fuglar og vilt spendýr	
28. nóv – 02. des	Fuglar og vilt spendýr	1. des fullveldisdagurinn
05. – 09. des	Fuglar og vilt spendýr	
12. – 16. des	Fuglar og vilt spendýr	
19. des		19. des jólagleði
Jólafrí		
02. – 06. jan	Landnám Íslands - víkingaöld	2. jan starfsdagur kennara 6. jan þrettándinn
09. -13. jan	Landnámsfólk og líf í nýju landi	
16. – 20. jan	Landnámsfólk og líf í nýju landi	20. jan bóndadagur
23. – 27. jan	Trú landnámsmanna – norræn goðafræði	

30. jan – 03. feb	Trú landnámsmanna – norræn goðafræði	
06. – 10. feb	Trú landnámsmanna – norræn goðafræði	
13. – 17. feb		13. feb annarleyfi 14. feb skipulagsdagur 15. feb foreldradagur

Námsmat:

Vinnubók og verkefni: 50 %

Virkni og þátttaka: 50 %

Hæfniviðmið:

Geta til aðgerða:

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra,
tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum,
sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því,
greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar:

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu,
unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn,
hannað afurð,
bent á störf sem krefjast sérþekkingar.

Gildi og vinnubrögð í vísindum og tækni:

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum,
notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum,
útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra,
gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana

Vinnubrögð og færni:

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni,
tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum,
aflað sér upplýsinga er varða náttúruna,
skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim,
notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga,
útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt,
hlustað á og rætt hugmyndir annarra.



Ábyrgð á umhverfinu:

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð,

skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð,

nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum,

rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns,

tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

